



undraland
Minnigar þrá Úlfjótavani
Lýðafélagið 2012-2013
- skátarnátt hefur lífrann

Gjallarhornið

Hraðskilaboð

Félagsfundur 3. október 2013 – fundarboð



Skf. Smiðjuhópurinn heldur félagsfund í kvöld, 3. október kl. 20

Skátafélagið Smiðjuhópurinn heldur félagsfund sinn í Skátamiðstöðinni fimmtudaginn 3. okt. kl. 20.

Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta og aðrir sem áhuga hafa á að starfa með hressum samtökum eldri skáta. Í byrjun verður farið yfir starf Smiðjuhópsins og einstakra meðlima þess frá áramótum og er af fjölmörgu þar að taka.

Annað efni fundarins er:

» **Smiðjudagar 2013 í Hveragerði - 18. - 20. október**

Kynning og umræða sem haldinn verður í 20. sinn og verða jafnframt í síðasta sinn sem Smiðjuhópurinn heldur þá. Skemmtilegt væri ef þátttaka félagsmanna væri m.a. að koma á stóru kvöldvökuna á laugar-dagskvöldið í Grunnskólanum í Hveragerði sem hefjast kl. 20, en öllum er velkomið að koma fyrr og skoða þetta. Möggugrill í Hveragerði er með 20% afslátt af matseðli - sem er sérstakt skátatilboð. Hlökkum til að sjá sem flest ykkar þar.

» **Söngkvöld í Hveragerði:**

Í vor tók Smiðjuhópurinn þátt í söngkvöldi á Sólheimum í Grímsnesi með skátunum þar og frá Hveragerði. Ósk hefur komið um að við endurtökum þetta. Nánar kynnt.

» **Dagskrá Skf. Smiðjuhópsins á komandi starfsári:**

Umræða um dagskrá vetrarins og fá hugmyndir frá félagsmönnum um hvað þeir vilja gera. Spurning um hvort þeir vilji taka þátt í Gala-Dinner BÍS í kringum 2. nóvember n.k.. Þá hefur komið beiðni um að fá okkur á söngkvöld með íbúðum eldri borgara í Sogamáryri. Hvernig líst fólki á leikhúsförð, jólaglökk, út að borða og þorraveislu?

» **Stóra leyndarmálið afhjúpað og gert opinbert:**

Kynning á umfangsmiklu og spennandi verkefni sem verið verið hefur í farvatninu í nokkurn tíma. Þetta einstaka verkefni verður þá opinberað og meðlimum félagsins sem þess óska gefinn kostur á að taka þátt í þessu. Mikil vinna hefur farið í undirbúning þess en sú vinna er bara smábrot af því sem koma skal.

Landsmót skáta 40+

er alltaf haldið á Úlfjótavatni síðustu helgina í júní ár hvert næst: **27.-29. júní 2014**

